

FUNDARGERÐ

274. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn í fundarsal HEF að Einhleypingi 1, Fellabæ
miðvikudaginn 26. febrúar 2020 kl. 16:00.

Mætt eru: Gunnar Jónsson, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Skúli Björnsson, Björg Björnsdóttir, Ívar Haflíðason, varamaður og Aðalsteinn Þórhallsson, framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum var fjarverandi: Ágústa Björnsdóttir.

Dagskrá:

1. Ársreikningur – yfirferð með endurskoðanda og afgreiðsla
2. Aðalfundur – dagskrá og kynningarefni, boðunarlisti
3. Starfsreglur stjórnar – frh.
4. Yfirlit verkefna – staða og áætlun
 - a. Tillaga ÍSOR að vinnslueftirliti Urriðavatni
 - b. Ísland ljóstengt – Fjarskiptasjóður
 - c. Hreinsistöð fráveitu – útrásarlögn
 - d. Tjarnarbraut – regnvatn
 - e. Selás – endurnýjun
5. Önnur mál

Gunnar Jónsson, formaður, stýrði fundi.

Magnús Jónsson, endurskoðandi KPMG og Fjóla Sigurðardóttir sátu fundinn undir þessum dagskrárlið:

1. Ársreikningur

a) Endurskoðunarskýrsla HEF 2019

Lagt fram á fundinum: Endurskoðunarskýrsla 2019 Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. dags. 26. febrúar 2020.

Magnús Jónsson, endurskoðandi, frá KPMG og Fjóla Sigurðardóttir, skrifstofustjóri HEF komu inn á fundinn.

Magnús fór yfir og kynnti endurskoðunarskýrslu HEF ehf. 2019.

b) Undirritun ársreiknings

Lagt fram á fundinum: Ársreikningur Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. 2019.

Magnús Jónsson, endurskoðandi, fór yfir þær minniháttar breytingar sem gerðar hafa verið á reikningum frá því drög voru lögð fram á síðasta fundi.

Stjórn Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa 2020 vegna rekstrarársins 2019, en vísar að öðru leyti til ársreiknings um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningi.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Helstu tölur úr ársreikningi 2018 og 2019:

	2019	2018
Rekstrartekjur	449.465.450	410.871.182
Rekstrargjöld	170.765.809	186.766.598
Rekstrarhagnaður (-tap) (EBITDA)	278.699.641	224.104.584
Afskriftir	86.505.836	83.335.092
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	192.193.805	140.769.492
Hrein fjármagnsgjöld	55.648.700	72.655.183
Hagnaður fyrir tekjuskatt	136.545.105	68.114.309
Hagnaður ársins	124.569.089	60.890.919
Eigið fé og skuldir samtals	2.096.411.953	2.038.739.120
Langtímaskuldir	994.931.544	1.071.837.647
Eiginfjárhlutfall	45,2%	40,4%

Ársreikningur 2019 borinn upp og staðfestur með undirritun stjórnar og framkvæmdastjóra.
Magnús og Fjóla yfirgáfu fundinn kl. 18:23.

2. Aðalfundur – dagskrá og kynningarefni, boðunarlisti

Aðalfundur HEF verður haldinn föstudaginn 6. mars kl. 17:00 á Hótel Héraði. Framkvæmdastjóra falið að undirbúa og boða til fundarins.

3. Starfsreglur stjórnar – frh.

Framkvæmdastjóri og stjórnarmenn hafa unnið með starfsreglur stjórnar frá síðasta fundi. Reglurnar lesnar yfir og áætlað að samþykkja þær og undirrita á fundi fyrir aðalfund.

4. Yfirlit verkefna – staða og áætlun

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu helstu verkefna:

- Tillaga ÍSOR að vinnslueftirliti í Urriðavatni.
Framkvæmdastjóra falið að koma á nauðsynlegum mælingum á grunni tillagna ÍSOR.
- Ísland ljóstengt – Fjarskiptasjóður.
Framkvæmdastjóri upplýsti stöðu málsins, sem er í vinnslu.
- Hreinsistöð fráveitu – útrásarlögn.
Framkvæmdastjóra falið að fá staðfestingu á niðurstöðum Eflu, sem hann fékk í símaviðtali síðastliðinn föstudag.
- Tjarnarbraut – regnvatn.
Beðið er eftir verkáætlun frá Austurverki.
- Selás – endurnýjun.
Hönnun á endurnýjun lagna í Selási er í vinnslu hjá Eflu, stefnt að útboði í mars.

5. Önnur mál

Engin önnur mál.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.
Fundargerð samþykkt og fundi slitið kl. 19:25.

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir.

Fundargerð staðfest, _____ 2020
